

Dagskrá:

1. Eftirfylgd frá síðasta fundi:

Fundargerðir eru nú aðgengilegar á síðu foreldraráðsins á vefsíðu MH. Jódís sendir fundargerðir til Helgu Jóhannsdóttur, kennara og fagstjóra sem mun sjá um að koma fundargerðinni inn á síðuna.

Ennþá á eftir að kanna með styrktarsjóð, Jódís mun fylgja því eftir og ræða við formenn annarra foreldraráð. Spurning um að láta senda í heimabanka foreldra/forráðamanna greiðsluseðil sem er valfrjáls.

2. Samskipti við nemendafélagið

Jódís mun setja sig í samband við formann nemendafélagsins í MH eins og hefur tíðkast. Formaður nemendafélagsins er að þessu sinni Vigdís Hafliðadóttir (forseti@nfmh.is)

3. Fræðslufundur fyrir foreldra

Áhugi er á því hjá foreldraráði að standa fyrir fræðslufundi í janúar/febrúar 2015 þar sem að einhver frá Rannsókn og greiningu. Rannsókn og greining hefur safnað saman gögnum um ungmenni á Íslandi í 13-14 ár og eru m.a. með upplýsingar hvað varðar reykingar, áfengisneyslu, vímuefnaneyslu, svefnvenjur o.fl. Hægt er að greina gögn eftir framhaldsskólum og bera saman. Þau hjá Rannsókn og greining hafa eitthvað farið í framhaldsskóla og verið með kynningu á þessum gögnum og hefur það mælst vel fyrir. Fyrirlesturinn er endurgjaldslaus. Annar fyrirlestur kemur vel til greina, foreldraráð mun taka ákvörðun um þetta á næsta fundi foreldraráðs.

4. Facebook síða foreldraráðs

Veltum því fyrir okkur hvort það yrði gagn af því að hafa facebook síðu fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í MH sem foreldraráð gæti haldið utan um. Það myndi hugsanlega auðvelda fólki að koma með fyrirspurnir. Könnun þetta fyrir næsta foreldraráðsfund.

Fundi slitið!